

Sjaldgæfar skríkjur heimsækja Ísland

● Margir flækingar hafa sést í Eyjum

Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is

Vart hefur orðið nokkurra tegunda flækingsfugla hér á landi í haust eins og flest haust á síðustu árum. Af þeim sjaldgæfustu má nefna grímuskríkju og frænku hennar krúnuskríkjuna, sparrhaukur hefur sést, einnig grænfinka og gulllóa, þyrni-, sef- og seljusöngvarar að ógleymdum myndarlegum hópi sportittlinga sem sáust fyrir um tveimur vikum í Vestmannaeyjum. Skríkjurnar koma frá Ameríku, en söngvararnir frá Evrópu, en þessir fuglar bera sama eftirnafn.

Brynjúlfur Brynjólfsson, fuglaáhugamaður, segir merkilegast við þessar heimsóknir að grænfinnur hafi sést hér í fimmta og sjötta skipti. Sparrhaukur sé ekki heldur algengur og sá sem hafi verið í skógræktinni við Djúpvog sé í hópi innan við tíu slíkra sem hér hafa sést.

Grímuskríkja hafi sést í Vestmannaeyjum og sé það aðeins í annað skipti sem hún hafi sést hér á landi. „Hún er að mínu mati skemmtilegasti gesturinn á þessu hausti,“ segir Brynjúlfur. Krúnuskríkjan sem hafi verið í um viku í Þorlákshöfn sé sextándi fuglinn af þeirri tegund hér á landi. Fleiri fugla nefnir Brynjúlfur sem skemmtilega gesti, t.d. ýmsa söngvara og peðgrípa.

Hefði viljað fleiri lögðir

„Þetta haust hefur verið mikið um heimsóknir flækingsfugla til Vestmannaeyja, en annars sjást þessir fuglar oftast á Suðausturlandi,“ segir Brynjúlfur. „Persónulega finnst mér að það hefðu mátt koma fleiri lögðir upp að landinu og eins leifar fellibylja. Þá hefðum við fengið enn fleiri gesti og meira hefði verið að skoða fyrir okkur fuglaáhugamenn.“



Grímuskríkja Sjaldgæfur flækingur, sem gladdi Eyjamenn nýlega.



Krúnuskríkja í heimsókn í bæjargarðinum í Þorlákshöfn í síðustu viku.

